

Viðhorf barna

Húnaþingi vestra 11/01/23

Barnafundur

Tekinn var stuttur fundur með elstu börnum leikskólans með það að markmiði að nálgast viðhorf þeirra á skólastarfinu.

Spurningarnar sem hafðar voru til hliðsjónar voru:

1. Hvað finnst ykkur skemmtilegt í leikskólanum
2. Er eitthvað sem ykkur finnst vera leiðinlegt eða erfitt?
3. Er eitthvað sem ykkur hlakkar til að gera í leikskólanum?
4. Er eitthvað sem ykkur langar að læra í leikskólanum?
5. Hvað eruð þið búin að læra?
6. Hvað ætlið þið að verða þegar þið eruð orðin stór?
7. Er eitthvað sem þið viljið breyta í leikskólanum?
8. Eruð þið með hugmynd af leikföngum sem þið viljið hafa í leikskólanum?

Þegar börnin voru spurð um hvað þeim þætti hvað skemmtilegast að gera í leikskólanum kom fram atriði sem flest tengdust leik barna. Hlutverkaleikir eins og búningar eða leikir með dúkkur voru nefnd, en síðan komu einni fram atriði sem tengdust föndurgerð en þar mætti nefna að leira, teikna og klippa. Hreyfing var þar líka stórt atriði enda voru íþróttir og leikir í snjónum einnig nefnd. Leikskólalífið virðist þó ekki alltaf vera dans á rósum því því börnin tóku fram að það sem þeim þætti hvað erfiðast í leikskólanum væri að sitja kyrr og hlusta á kennarann.

Atriði sem börnin hlakka hvað mest til virðast tengjast því að eldast og verða „stór“. Leikritið, sem börnin sýna á útskriftinni, var nefnt, grunnskólaganga- og heimsóknir voru nefndar ásamt leikföngum/efnivið sem eldri börnin hafa aðgang að.

Börnin sögðust hafa lært nokkuð í leikskólanum og nefndu þar að þau hefðu lært að syngja, lært að gera æfingar og að gera snjókarl. En aðspurð um hvað þeim langaði að læra meira voru atriði eins og spil, að byggja flóknari byggingar með kubbunum og stafirnir nefnd.

Aðspurð um hvort börnin hefðu áhuga á að sjá einhverjar breytingar í leikskólanum voru kröfunar af hógværingu kanntinum en börnin bentu á að þau vildu fá að ráða í leikskólanum og þar að auki vildu þau fá kanínu í leikskólann. Leikskólastjóri mynni börnin á fallegu fiskana sem væru í fiskabúrinu í leikskólanum en blásið var á það. Fiskar eru ekki kanínur.

Hvað ætlum við að verða?

Lína langsokkur – Alskonar – Körfuboltamaður – Hestakona – Lögreglumaður – Hjólaskautakona!

Kristinn Arnar Benjamínsson
Skólastjóri leikskólans Ásgarðs